

9. okt. 2012
SÍ-85865
Móttækid: 27/9/12
Frestur til: 10/10/12

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 27. september 2012, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um frádrátt frá tekjuskatti vegna afborgana af fasteignalánnum einstaklinga, 4. mál á 141. þingi.

Samkvæmt tillögutextanum yrði fjármála- og efnahagsráðherra falið að láta undirbúa lagasetningu með það að markmiði að beita skattkerfinu til að létta á húsnæðisskuldum almennings á þann hátt að afborganir af fasteignalánnum einstaklinga yrðu frádráttarbærar frá tekjuskatti upp að ákveðnu marki. Andvirði skattafsláttarins yrði nýtt beint til niðurgreiðslu höfuðstóls viðkomandi fasteignaláns. Lögin ættu að gilda í þrjú ár.

Sami þingflokkur og flytur þessa tillögu flutti haustið 2009 tillögu til þingsályktunar, 49. mál á 137. þingi, um að fjármálaráðherra skyldi falið að framkvæma nauðsynlegar afskriftir á lánnum til íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja og skyldu afskriftir nema að minnsta kosti 20% af höfuðstól (hvers) láns. Seðlabanki Íslands veitti umsögn dags. 20. nóvember 2009 auðkennda SÍ-56884 og lagðist gegn tillögunni. Flest sem þar stendur er í fullu gildi og á við um nýju tillöguna. Er vísað til þess.

Takmörkuð lýsing á umfangi gerir erfitt að meta nýju tillöguna. Minna varðar hvort niðurfærslan gerist með skattafrádrætti eða með öðrum hætti. Tapaðar skatttekjur þarf engu síður að fjármagna en framlög úr ríkissjóði. Þó ber að vekja á því athygli, að með einföldum frádrætti afborgana frá tekjuskattsstofni virðist líklegt að ef tveir skuldarar skulda jafnt, þá fái sá meiri stuðning sem meiri hefur tekjurnar og er í hærra skattþrepi. Loks skal á það bent að ýmsar leiðir eru til að flýta afborgunum í því skyni að koma þeim undir slík skattaákvæði, þótt á móti komi að í tillögunni er talað um skattfrelsi afborgana „upp að ákveðnu marki“.

Það sjónarmið hefur vegið þungt í málflutningi Seðlabanka Íslands um skuldavanda heimila að þar sem takmarkaðir fjármunir eru tiltækir til að bæta úr, sé skynsamlegt að verja þeim þannig að sem flestum verði komið í viðráðanlega stöðu, í stað þess að beina fjármunum þangað

sem þeir yrðu of naumt skammtaðir til að gagnast eða til aðila sem geta bjargast af sjálfsdáðum. Tillagan sem hér er fjallað um, samrýmist ekki þessu sjónarmiði. Auk ofangreindra ágalla er á tillögunni sá galli að henni fylgir engin áætlun um hvernig bæta á ríkissjóði tekjutap sem hann yrði fyrir eða með hvaða hætti eigi að skera niður útgjöld á móti. Í ljósi þess að vergar skuldir ríkissjóðs nema u.þ.b. 100% af landsframleiðslu er afar mikilvægt að ekki verði slakað á aðhaldi í ríkisfjármálum á næstu árum.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri

Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur